

132/6 fundur.

Fimmtudaginn 28. nóvember 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2. Fundur hófst kl. 14:15.

Mættir voru: Siggeir Stefánsson, Kristján Indriðason, Björn Ingimarsson og Rafn Jónsson.

Varaoddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

" Hreppsnefndarfundur 07.10.02.

" Hreppsnefndarfundur 24.10.02.

" Hafnargerð 23.10.02. Fundarg. samþ. samhljóða.

" Húsnæðisnefnd 24.10.02. Fundarg. samþ. samhljóða.

" Stjórnarfundur Nausts 04.11.02. Samþ. samhljóða.

2. Fundarg. frá ýmsum aðilum.

" Eyþing stjórnarfundir 12.08.02 - 30.08.02 - 11.09.02 - 14.10.02 - 01.11.02 og fundur með þingmönnum 23.10.02. Björn kynnti fundargerðirnar, en hann er í stjórn Eyþings.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

" Björn flutti greinargóða skýrslu.

4. Fjárhagsáætlun - þriggja ára. Seinni umræða.

" Varaoddviti vísaði umræðunni til sveitarstjóra, og einnig umræðu um fjárhagsáætlun 2003 fyrri umræða. Fjárhagsáætlun til þriggja ára samþ. samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2003. Fyrri umræða.

" Samþ. samhljóða til seinni umræðu.

6. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga.

" Sveitarstjóri kynnti áætlunina. Sigurður Rúnar er væntanlegur í byrjun des. og afgreiðslunni frestað til þess fundar. Samþ. samhljóða.

7. Álagningarákvæði Þórshafnarhrepps 2003.

" Björn sveitarstjóri kynnti málið og las varaoddviti upp eftirfarandi tillögu: "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að álagningarprósenta ársins 2003 vegna útsvars, fasteignagjalda og önnur álagningarákvæði verði óbreytt frá því sem ákveðið var fyrir árið 2002". Samþ. samhljóða.

8. Stefnumótun - Drög að skýrslu.

" Varaoddviti kynnti málið en vísaði síðan umræðunni til sveitarstjóra, mikil og gagnleg umræða varð um þessi mál og ákveðið að halda málinu áfram á þorranum.

9. Innsend erindi til afgreiðslu.

" Styrkbeiðni frá félagi hjartasjúklinga á Eyjafjarðarsvæðinu, varaoddviti las upp eftirfarandi tillögu.

" Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að styrkja kaup á hjartaómskoðunartæki til notkunar hjá FSA með kr. 25.000.- Samþ. samhljóða.

" Stuðningur við Snorraverkefni sumarið 2003.

Varaoddviti kynnti málið og las síðan upp svohljóðandi tillögu. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps

samþykkir að taka ekki þátt í Snorraverkefni 2003 og felur sveitarstjóra að tilkynna verkefnisstjóra þar um. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kynna verkefnið rekstraraðilum í sveitarfélaginu." Samþ. samhljóða.

" Björgunarsveitin Hafliði. Styrkur til kaupa á björgunarbát. Varaoddviti vék af fundi undir þessum lið . Sveitarstjóri leiddi umræðuna og las upp eftirfarandi tillögu. " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps telur rétt að taka afstöðu til umrædds erindis í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2003. Sveitarstjóra er falið að vinna tillögu að styrk, sem rúmast innan fyrirbyggjandi rammaáætlunar" Tillagan samþ. samhljóða.

Dagskrá tæmd, fundargerð lesin og samþ. samhljóða.

Varaoddviti sleit fundi kl. 16:40

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.